

LJÓSIÐ

ÁRSSKÝRSLA 2020



RAGNHEIÐUR AGNARSDÓTTIR, STJÓRNARFORMAÐUR LJÓSSINS

Fimmtánda starfsár Ljóssins var með öðru sniði en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í stað hátíðahalda var öll áhersla lögð á eflingu rafrænnar þjónustu við þjónustuþega Ljóssins og margbætta aðlögun vegna þeirra áskorana sem COVID-19 faraldurinn felur í sér. Þannig hefur áfram verið hægt að ná markmiðum þjónustunnar og styðja vel við skjólstæðinga Ljóssins.



Markmið Ljóssins er að hver sá sem greinist með krabbamein á Íslandi þekki og hafi greiðan aðgang að þeirri endurhæfingu sem Ljósið hefur upp á að bjóða. Af því leiðir að þjónustan þarf að henta öllum óháð aldri, kyni og búsetu. Undirbúningur að nýrri landsbyggðardeild hófst síðla árs 2020 en tilgangur hennar er að veita þeim sem greinast með krabbamein og búa utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að endurhæfingu Ljóssins.

Ljósið er leiðandi í endurhæfingu krabbameinsgreindra á Íslandi. Sú metnaðarfulla og gæðastýrða heilbrigðisþjónusta sem hefur verið þróuð síðastliðin 15 ár er öllum þeim sem njóta þjónustu Ljóssins áþreifanleg. Á sama tíma hefur tekist að viðhalda þeim hlýja heimilisbrag sem einkenndi Ljósið á fyrstu starfsárunum.

Þegar gengið var frá samningi við Sjúkratryggingar Íslands undir lok árs 2019, þar sem rekstrargrundvöllur Ljóssins var tryggður til fjögurra ára, tóku stjórn og starfsfólk Ljóssins sameiginlega ákvörðun um að vera fyrirmyndarsamningsaðili þegar kemur að gagnsæi og upplýsingagjöf til stjórnvalda um rekstur og þjónustu. Markmiðið er að skýrt sé hvaða þjónustu sé verið að veita og hversu margir njóti hennar. Ársskýrslan sem nú lítur dagsins ljós er liður í þeirri upplýsingagjöf.

Stjórn Ljóssins kom í upphafi ársins 2021 saman til að leggja drög að stefnu til næstu ára. Af þeim drögum er ljóst að hvergi stendur til að draga úr í því metnaðarfulla starfi sem einkennt hefur Ljósið frá upphafi. Framsýni og forysta í þróun þjónustu eru styrkleikar Ljóssins. Þeir mikilvægu eiginleikar ásamt tryggum rekstrargrundvelli og öflugu samstarfi við aðrar heilbrigðisstofnanir ættu að tryggja að Ísland geti verið leiðandi á heimsvísu í árangursríkri endurhæfingu og lífsgæðum þeirra sem greinst hafa með krabbamein. Efnahagslegur ávinningur af því er án efa margfaldur á við kostnaðinn þar sem þriðji hver einstaklingur greinist með krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni.

Stjórn Ljóssins þakkar starfsfólki, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum, stjórnvöldum og öðrum velunnurum innilega fyrir mikilvægt framlag og framúrskarandi samstarf.

ERNA MAGNÚSDÓTTIR, FORSTÖÐUKONA LJÓSSINS

Allt frá því að Ljósið var stofnað af grasrótahreyfingu haustið 2005 hefur hugmyndafræði, þróun og starfsemi einkennst af hugsjón, jákvæðni, fagmennsku og úrlausnum.

Árið 2020 var ekkert frábrugðið hvað þetta varðar. Þrátt fyrir alheimsfaraldur með öllum þeim annmörkum sem COVID-19 setti um allan heim þá hélt starfsemi Ljóssins áfram að vaxa og dafna. Mannauðurinn sem sinnir starfseminni er samheldinn hópur, vel menntaður á heilbrigðissviði sem hefur það að leiðarljósi að vera fremst í flokki þegar kemur að endurhæfingu krabbameinsgreindra, auk þess að veita aðstandendum ómetanlegan stuðning. Endurmenntun og þróun er alltaf ofarlega í þeirra huga.



Árið 2020 var upphaf að fimmtánda starfsári Ljóssins.

SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR Á ÁRINU

Það er ánægjulegt að segja frá því að þrátt fyrir alheimsástand þá voru tveir mikilvægir samningar undirritaðir á árinu. Í byrjun árs gaf heilbrigðisráðuneytið út frétt um þjónustusamning milli Sjúkratrygginga Íslands og Ljóssins þar sem 220 milljónir voru tryggðar í rekstri Ljóssins árlega næstu fjögur árin. Markmiðið um að komast á fjárlög var orðið að veruleika. Það var svo síðsumars sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gerði samning við Ljósið um að veita fólki búsettu á landsbyggðinni aðgang að þjónustu í gegnum fjarheilbrigðisþjónustu. Styrkurinn var veittur á grundvelli stefnumótandi byggðaráætlunar. Samningarnir eru mikilvæg viðurkenning heilbrigðisyfirvalda á því faglega endurhæfingarstarfi sem Ljósið er orðið þekkt fyrir í gegnum árin og styrkir okkur í að halda áfram að sömu vegferð. Við erum innilega þakklát fyrir traustið sem yfirvöld sína starfsemi Ljóssins.

FJARHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA OG STAFRÆN ÞRÓUN Í LJÓSINU

Árið í heild sinni varð mjög eftirminnilegt þar sem alheimsfaraldurinn hafði víðtækar afleiðingar á alla starfsemi Ljóssins.

Við tók tími þar sem ný hugsun og nýir verkferlar í starfseminni fóru af stað. Endurhæfing er afar mikilvæg þeim sem greinast með krabbamein og ekki síður stuðningur við aðstandendur þeirra. Starfsfólkið okkar þurfti að staldra við og skoða með hvaða hætti væri hægt að veita faglega þjónustu, en á sama tíma að draga úr heimsóknum í húsnæði Ljóssins vegna fjöldatakmarkana. Með útsjónarsemi og samheldni var farið af stað með að veita sem mesta þjónustu í gegnum fjarfundarbúnað.

Undirritaður var samningur milli Ljóssins og Köru Connect en það er hugbúnaðarlausn fyrir sérfræðinga í heilbrigðis- og velferðargeiranum. Búnaðurinn er viðurkenndur bæði hjá Landlæknisembættinu og Persónuvernd og því var hægt að veita faglega viðtalsþjónustu í gegnum viðurkenndan búnað. Auk þess var farið í að nota tæknilausnir eins og Zoom og Teams til að hægt væri að halda úti mikilvægum fræðslunámskeiðum, kennslu og fundum. Auk þess voru útbúin myndbönd með æfingum, fræðslupistlar og viðburðir og streymi á netinu sem allir þjónustugegar höfðu aðgang að. Ljósíð hélt áfram samvinnu við fyrirtækið Proency en það er hugbúnaður þar sem fólk getur fylgst með andlegri heilsu sinni. Með þessum mikilvægu lausnum var hægt að halda úti öflugri þjónustu þrátt fyrir samkomutakmarkanir.

HÚSNÆÐIÐ STÆKKAR

Þar sem aðsókn þeirra sem sækja þjónustuna vex hörðum höndum var ráðist í að stækka húsnæði Ljóssins. Á árinu bættist við nýtt 430 fermetra hús sem hýsir stóran tækjasal og aðstöðu fyrir sjúkraþjálfun. Gott orðspor Ljóssins, góð og fagleg samvinna við heilbrigðisstofnanir, ekki síst Landspítalann, gerir það að verkum að fagfólk beinir þjónustugegum í miklum mæli í endurhæfingu Ljóssins. Við erum afar stolt af góðri samvinnu og væntum þess að hún dafni enn frekar á komandi árum.

LJÓSAVINIR STYRKJA GOTT MÁLEFNI

Þrátt fyrir stuðning hins opinbera er nauðsynlegt fyrir Ljósíð að afla fjár. Þegar horft er yfir árin sem Ljósíð hefur starfað þá er mikilvægt að nefna alla þá vini sem styrkja starfsemina myndarlega. Án þeirra væri Ljósíð ekki það sem það er í dag. Félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt sitt af mörkum fjárhagslega og hefur orðið til þess að Ljósíð hefur vaxið og dafnað. Ljósavinir sem styrkja starfið með mánaðarlegum eða árlegum styrkjum eru ómetanlegir og gerir það að verkum að þjónustan er næstum gjaldfrjáls fyrir þjónustugega okkar.

Þá er ómetanleg hjálp allra þeirra sem sinna sjálfboðaliðastarfi í Ljósinu.

FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2020 hefur sýnt okkur það að starfsfólk Ljóssins getur með dugnaði og útsjónarsemi brugðist við óvæntum aðstæðum þegar þörf er á. Við munum halda ótrauð áfram að þróa endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda og veita aðstandendum stuðning. Við höfum það að markmiði að vera fremst í flokki þegar kemur að fagmennsku, metnaði og nýjungum í greininni.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem lögðu Ljósinu lið á árinu 2020 hvort sem það var með vinnuframlagi, styrkjum eða kynningu á starfinu.

Ljósið var stofnað árið 2005. Starfsemin hófst í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju en er nú í húskynnum Ljóssins við Langholtsveg 43 og 47. Húsnæði Ljóssins er eins og fallegt heimili þar sem hægt er að koma í þverfaglega endurhæfingu, kaffihúsastemningu og spjalla við náungann.

HLUTVERK:

Ljósið er til svo að það sé til staðar einstaklingsmiðuð endurhæfing og stuðningur fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

GILDI:



Gróska

Við viljum vaxa í starfi, erum sveigjanleg og tilbúin að gera breytingar. Við tökum vel í nýjungar og viljum blómstra í þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er.



Gleði

Gleðin vekur lífskraft og von. Handverk, sköpun og almenn virkni veita gleði og jákvæðni sem við höfum að leiðarljósi í okkar starfi. Gleðin í Ljósinu er smitandi, fólk gleymir sér og finnur aukinn þrótt í gleðinni.



Heilindi

Við erum vingjarnleg í fasi, sýnum samstöðu, traust, trúnað, virðingu og kærleik. Við erum heiðarleg, höfum opin samskipti, ræðum málin og leitum lausna. Við sinnum störfum okkar af alúð og trúmennsku og vinnum öll að sameiginlegu markmiði. Við samgleðjumst hvert öðru.



Fagmennska

Við leggjum mikið upp úr þverfaglegri samvinnu, fylgjumst vel með nýjungum og leitumst við að vera fremst í flokki hvað starfsemina varðar. Við vöndum málfar, vinnubrögð og virðum þagnarheit.

STARFSEMI LJÓSSINS:

Hjá Ljósinu starfa 25 manns í rúmlega 19 stöðugildum. Þeir fagaðilar sem starfa með Ljósinu í föstum stöðugildum eru; iðjubjálfar, sjúkrabjálfarar, sálfræðingur, íþróttافرæðingar, félagsráðgjafi, fjölskyldufræðingar, jógakennari, heilsunuddarar, matráður, móttökufólk, handverksfólk og fleiri. Auk þess koma að starfinu verktakar eins og markþjálfar, hjúkrunarfræðingur, næringarráðgjafi, sjúkrabjálfari með sérmenntun í sogæðanuddi og fleiri. Þá koma að starfinu bæði fyrirlesarar eins og krabbameinssérfræðingar og fleiri að ógleymdu öllum þeim sjálfboðaliðum sem starfa fyrir Ljósið. Meðal starfsaldur er 4 ár og meðalaldur starfsfólks er 44 ár.

FJÖLDI
STARFSMANNA:
25 MANNS

MEÐAL
STARFSALDUR:
4 ÁR

MEÐALALDUR
STARFSFÓLKS:
44 ÁR

Ljósið tekur þátt í verkefninu Fyrirtæki ársins sem VR stendur fyrir. Könnunin nær til alls starfsfólks óháð stéttarfélagi og er starfsfólk spurt um viðhorf til níu lykilþátta í innra starfsumhverfi vinnustaðarins. Heildareinkunn Ljóssins er 4,61 af 5 mögulegum, sem er þó nokkuð yfir meðalgildinu fyrir félög af sambærilegri stærð. Helstu styrkleikar samkvæmt mælingunni eru viðhorf viðskiptavina/skjólstæðinga, að umræða um félagið er vinsamleg, meðmæli með vinnustaðnum og stolt af því að starfa hjá félaginu. Allir framangreindir þættir fengu 5 af 5 mögulegum í einkunn.

LJÓSIÐ ER ÞEKKT Í SAMFÉLAGINU:

Samkvæmt vörumerkjakönnun Gallup árið 2020 sögðust 85,4% aðspurðra þekkja Ljósið. Það er 5 prósentustigum fleiri en árið 2018. Yfir 42% sögðust þekkja vörumerkið mjög vel eða frekar vel en það er aukning um 6 prósentustig frá því 2018.



TÍMALÍNA 2020

Árið 2020 hefur sannarlega verið óvenjulegt í Ljósinu eins og annars staðar. Til stóð að fagna 15 ára afmæli Ljóssins með pomp og prakt. Hinir ýmsu viðburðir voru í bígerð en sökum heimsfaraldurs breyttust jú plönin.

Við höfum þó hvergi nærri setið auðum höndum og má segja að í staðinn fyrir veisluhöld hafi árið snúist um að umbreyta þjónustunni svo að sem allra flestir geti sótt endurhæfingu, þó svo að þeir eigi ekki heimangengt.

Eins og alltaf var gleðin við völd.

Hér fyrir neðan ætlum við að stikla á stóru yfir augnablikin stór og smá á árinu 2020.

JANÚAR

Árið byrjaði á gleði og gaum. Nýtt hús var lent á lóðinni okkar og aðstaðan að verða glæsilegri. Svo mikil var gleðin að Erna forstöðukona og Haukur sjúkrabjálfi tóku spor þegar eldri karlmenn voru í líkamlegri endurhæfingu.

Sjúkratryggingar Íslands gerðu þjónustusamning við Ljósið um endurhæfingarþjónustu. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra staðfesti samninginn sem tók gildi 1 janúar og gildir til ársloka 2023. Alls voru 220 milljónir króna tryggðar rekstri Ljóssins á fjárlögum árið 2020.

Aðstandendur Guðrúnar Ögmundsdóttur færðu Ljósinu tæplega 700 þúsund króna styrk í hennar nafni. Við það tilefni var Gunnusjóður formlega stofnaður í Ljósinu en sjóðnum er ætlað að styðja við þá sem minna hafa á milli handanna og til að auðvelda þeim að nýta sér þjónustuliði sem eru í verðskrá.



FEBRÚAR

Handverkið var komið á blússandi siglingu í febrúar, við fengum góða gesti í hús og lögðum okkar að mörkum til samfélagsins með því að prjóna helling af hlýjum fötum fyrir samfélagsverkefnið Kærleikur í hverri lykkju.

MARS

Fyrsta bylgja heimsfaraldursins bankaði upp á í Ljósinu en samhliða því hóf Ljósið að stíga hraðar í átt að stafrænni þróun. Við höfum að bjóða Ljósberum upp á aðgang að andlegu heilsulausninni Proency, bjóða upp á fjarviðtöl í gegnum forritið Kara Connect og framleiða myndbönd og pistla fyrir þjónustuþega Ljóssins.

Um það leyti sem heimsfaraldurinn var að byrja eða þann 5. og 6. mars 2020 fóru iðjupjálfar Ljóssins á námskeið í Kaupmannahöfn um matstækið COPM og skjólstæðingsmiðaða nálgun. Alltaf er verið að leita eftir matstækjum sem geta komið að gagni til að efla gæði í faglegu starfi og því varð þetta námskeið fyrir valinu.

COPM er gagnreynd matsaðferð sem jafnframt er skjólstæðingsmiðuð. Í skjólstæðingsmiðaðri iðjupjálfun felst að samstarf er milli skjólstæðings og meðferðaraðila um markmið í endurhæfingunni. Og gengið út frá því að skjólstæðingurinn hafi með sitt eigið líf að gera og taki ákvarðanir um sitt líf. Þannig séu líkur á enn betri árangri þar sem skjólstæðingur er að vinna að því sem hann vill og telur mikilvægt.

Iðjupjálfar hafa síðan unnið að innleiðingu á mælitækinu í sínu faglega starfi.



APRÍL

Ljósið var með þeim fyrstu til að innleiða styttingu vinnuvikunnar strax á vormánuðum 2020.

MAÍ

Sumarið kom svo sannarlega í Ljósið. Við vorum glöð að geta opnað dyrnar að nýju, hefja endurhæfinguna samkvæmt sóttvarnarreglum og að sjálfsögðu að nýta pallinn góða sem mest.



JÚNÍ

Árlega fjölskyldugangan á Esjuna var skemmtilegur viðburður sem fór fram á þessu árinu. Mætingin var frábær og gleðin við völd eins og alltaf.



JÚLÍ



Jafningjafræðarar Hins hússins héldu götuhátíð til styrktar Ljósínu, en málefnið á sérstakan stað í lífi eins skipuleggjanda hátíðarinnar. Fram komu hinir ýmsu listamenn og meðal annars var boðið upp á lifandi bókasafn.

ÁGÚST

Í ágúst var stigið mikilvægt skref í að bæta endurhæfingarferli krabbameinsgreindra á landsbyggðinni, með undirritun samnings samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis við Ljósið um fjarheilbrigðisþjónustu í endurhæfingu krabbameinsgreindra. Verkefnið er 2ja ára tilraunaverkefni. Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skrifaði undir samninginn ásamt Elsu B. Friðfinnsdóttur skrifstofustjóra heilbrigðisráðuneytis.

Heilar 6,3 milljónir söfnuðust fyrir Ljósið í Reykjavíkumaráðni Íslandsbanka í ágúst. Hlaupið í ár fór fram með óhefðbundnu sniði, en hver og einn gat hlaupið sína leið fyrir þann málstað sem þeim er næst. Við þökkum öllum sem hlupu og öllum öðrum sem lögðu sitt af mörkum í söfnuninni.

Í lok sumars hófum við öll að nota grímur í Ljósínu og að auki byrjuðum við að sauma þriggja laga grímur í styrktarsölu. Við þökkum sérstaklega flottu sjálfboðaliðunum sem hafa lagt sitt af mörkum í því verkefni.



SEPTEMBER

Alls tóku 14 karlmenn þátt í golfmóti í Kiðjabergi og var stemningin góð og allir skemmtu sér vel. Klúbburinn bauð öllum í golf ásamt því að bjóða upp á heita súpu og brauð áður en haldið var út á völinn í golfbílum. Við erum ótrúlega þakklát skipuleggjendum mótsins, Birki Má og Golfklúbbi Kiðjabergs, og hlökkum til móts að ári.



OKTÓBER

Endurhæfingin hélt haldið áfram í Ljósinu í allt haust en í október skipti starfsfólk Ljóssins sér niður í hópa sem hafa unnið í skilgreindum sóttvarnarhólfum. Starfsmannafundir færðust á netið og kunnugleg andlit mættu manni grímuklædd í húsi eða jafnvel í gegnum hurðir og rúður.



NÓVEMBER

Unnið var að því að umbylta Ljósablaðinu og var það gefið út í stafrænni útgáfu og gafst okkur tækifæri til að færa lesendum persónulegri frásagnir í formi hlaðvarpa, gæða umfjöllunina meira lífi með auknu myndefni og gera hinni einstöku grasrót Ljóssins hærra undir höfði með myndböndum.



DESEMBER

Aðventukvöld Ljóssins var í beinni útsendingu í streymi á samfélagsmiðlum Ljóssins. Viðburðurinn gekk mjög vel og viðbrögðin við umfjölluninni hafa meðal annars verið að fólk sem nýlega hefur greinst hefur haft samband.

Þriðja bylgjan var sannarlega áskorun eins og annarsstaðar í samfélaginu. Við lögðum þó áherslu á gleðina í hvívetna. Meðal þess sem við gerðum var að senda þjónustuþegum meira efni heim í formi pistla, fjarfunda og streymis.




VIÐ ÞÖKKUM ÖLLUM FYRIR VIÐBURÐARÍKT ÁR!


STARFSEMISTÖLUR 2020




KOMUR Í LJÓSIÐ FRÁ 2010




KOMUR EFTIR MÁNUÐUM




KOMUR - KYNJASKIPTING



KOMUR - ALDURSSKIPTING



KOMUR - EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM



Ljósið. Ársreikningur 2020

Ljósið.
Langholtsvegi 43
104 Reykjavík
kt. 590406-0740

Ljósið. Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Áritun um fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Ljóssins

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2020 fyrir Ljósið. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.


Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 5. maí 2021

Deloitte ehf.



Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ljósið. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Styrktarfélagið Ljósið var stofnað í árslok 2005 og hóf starfsemi á árinu 2006. Stofnendur félagsins voru 49 og er skráð stofnfé félagsins 773.714. Tilgangur félagsins samkvæmt skiupulagsskrá er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Um starfsemi á árinu:


Tekjur umfram gjöld á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	26.503.483
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	235.790.689
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	191.152.029
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	81,1%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	19

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar Ljóssins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Ljóssins staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2021.



Handwritten signatures of the board members of Ljósið, including names like Þorvaldur Þorsteinsson, Elfa Eirisdóttir, Einar Einarsson, Ragnvaldur Arnarsson, and others.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur		301.073.997	235.178.982
Aðrar tekjur		(394.336)	(4.821.123)
Vörukaup og aðkeypt þjónusta		(40.889.625)	(38.478.476)
Kostnaður vegna fjáraflanna		(15.460.450)	(6.416.539)
Laun og launatengd gjöld	4	(189.720.226)	(149.180.781)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(14.326.561)	(6.219.743)
Annar rekstrarkostnaður		(10.640.778)	(7.707.549)
Afskriftir fastafjármuna	6	(3.225.540)	(3.225.540)
Rekstrarhagnaður		26.416.481	19.129.231
Fjármunatekjur		97.573	705.051
Fjármagnsgjöld		(10.571)	(15.053)
	5	87.002	689.998
Hagnaður ársins		26.503.483	19.819.229

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	118.137.624	121.363.164
		<u>118.137.624</u>	<u>121.363.164</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		388.852	255.500
Aðrar skammtímakröfur		2.986.945	3.265.670
Handbært fé		114.277.268	71.110.229
		<u>117.653.065</u>	<u>74.631.399</u>
Eignir		<u>235.790.689</u>	<u>195.994.563</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Stofnfé		773.714	773.714
Óráðstafað eigið fé		190.378.315	163.874.832
Eigið fé		<u>191.152.029</u>	<u>164.648.546</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		15.391.324	19.063.421
Aðrar skammtímaskuldir		29.247.336	12.282.596
		<u>44.638.660</u>	<u>31.346.017</u>
Skuldir		<u>44.638.660</u>	<u>31.346.017</u>
Eigið fé og skuldir		<u>235.790.689</u>	<u>195.994.563</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		26.416.481	19.129.231
Afskriftir		3.225.540	3.225.540
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		29.642.021	22.354.771
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		145.373	(2.946.308)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		13.292.643	16.762.142
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		43.080.037	36.170.605
Innborgaðir vextir		97.573	705.051
Greiddir vextir		(10.571)	(15.053)
Handbært fé frá rekstri		43.167.039	36.860.603
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	0	(28.142.226)
		0	(28.142.226)
Hækkun handbærs fjár		43.167.039	8.718.377
Handbært fé í upphafi árs		71.110.229	62.391.852
Handbært fé í lok árs		<u>114.277.268</u>	<u>71.110.229</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ljósið er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa

Styrktarfélagið Ljósið var stofnað í árslok 2005 og hófst starfsemi félagsins á árinu 2006. Stofnendur félagsins voru 49 og er skráð stofnfé kr. 773.714. Tilgangur félagsins samkvæmt skipulagsskrá er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingamiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Ljósið er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Langholtsvegi 43, 104 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2020	2019
Laun og annar starfsmannakostnaður	189.720.226	149.180.781
Meðalfjöldi stöðugilda	18,95	17,5

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af bankareikningum	97.573	705.051
	97.573	705.051
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(10.571)	(15.053)
	(10.571)	(15.053)

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	140.952.584	140.952.584
Staða í árslok	140.952.584	140.952.584
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	19.589.420	19.589.420
Afskrift ársins	3.225.540	3.225.540
Staða í árslok	22.814.960	22.814.960
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	121.363.164	121.363.164
Bókfært verð í árslok	118.137.624	118.137.624
Afskriftarhlutföll	3%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	132.290.000	167.350.000

7. Eigið fé

Stofnfé greinist þannig:			Fjárhæð
Stofnfé í árslok			773.714
			773.714
Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2020	773.714	163.874.832	164.648.546
Tekjur umfram gjöld		26.503.483	26.503.483
Eigið fé 31.12.2020	773.714	190.378.315	191.152.029

Skýringar

8. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Styrkir eru færðir til tekna við greiðslu en tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir

	2020	2019
Rekstrartekjur		
Styrkir	41.256.039	41.092.722
Sala, fastir samningar	221.527.991	121.345.956
Ýmsar aðrar tekjur	38.289.967	72.740.304
	<u>301.073.997</u>	<u>235.178.982</u>
Aðkeyptar fjáraflanir		
Kostnaður vegna fjáraflana	(394.336)	(4.821.123)
	<u>(394.336)</u>	<u>(4.821.123)</u>
Rekstrartekjur alls:	<u>300.679.661</u>	<u>230.357.859</u>
Vörukaup og aðkeypt þjónusta		
Vörukaup innanlands	1.324.373	2.720.261
Matar og kaffikostnaður	4.142.538	4.634.795
Akeypt þjónusta vegna námskeiðahalds	35.422.714	31.123.420
	<u>40.889.625</u>	<u>38.478.476</u>
Rekstur fasteigna		
Aðkeypt þjónusta	746.600	0
Flutningskostnaður	31.000	0
Vátryggingar húsnæðis	548.992	456.563
Viðhald húsnæðis	393.617	24.883
Hiti og rafmagn	1.485.685	1.120.138
Fasteignagjöld	1.886.960	1.802.190
Annar húsnæðiskostnaður	2.373.136	1.001.436
Öryggisgæsla	784.065	295.958
Langholtsvegur 47	33.192.202	1.715.371
Húsnæðisstyrkir	(25.981.807)	0
	<u>15.460.450</u>	<u>6.416.539</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	142.891.031	110.535.267
Bifreiðastyrkir	3.135.000	2.429.500
Tryggingagjald	10.720.044	8.650.566
Lífeyrissjóður	22.773.620	18.104.783
Aðrir sjóðir	4.154.115	3.350.601
Áunnið orlof, breyting	4.138.790	4.463.294
Námskeið og endurmenntun starfsmanna	534.488	824.506
Annar starfsmannakostnaður	1.373.138	822.264
	<u>189.720.226</u>	<u>149.180.781</u>

Sundurliðanir

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	1.587.605	725.551
Sími	1.557.360	1.281.547
Burðargjöld	221.142	140.205
Pappír, prentun og ritföng	643.050	817.286
Bókhald og reikningsskil	2.422.588	1.715.416
Önnur aðkeypt þjónusta	1.658.293	819.443
Covid-19	991.519	0
Skrifstofutæki og áhöld	5.245.004	707.295
Fundur og ráðstefnur	0	13.000
	<u>14.326.561</u>	<u>6.219.743</u>

Annar rekstrarkostnaður

Ræsting og hreinlætisvörur	2.193.964	760.179
Aðkeyptur akstur	52.050	(64.622)
Viðhald áhalda og tækja	41.506	29.126
Auglýsingar	1.448.462	1.197.510
Kostnaður vegna blaðaútgáfu	5.045.024	4.697.897
Risna og gjafir	386.900	631.683
Banka og þjónustugjöld	164.110	288.051
Ýmis kostnaður	1.308.762	167.725
	<u>10.640.778</u>	<u>7.707.549</u>

Sundurliðanir

Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptakröfur	388.852	255.500
	<u>388.852</u>	<u>255.500</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframgreiddur kostnaður	207.537	207.537
Greiðslukort	2.779.408	3.058.133
	<u>2.986.945</u>	<u>3.265.670</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Bankainnstæður í íslenskum krónum	114.277.268	71.110.229
	<u>114.277.268</u>	<u>71.110.229</u>

Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptaskuldir	15.391.324	19.063.421
	<u>15.391.324</u>	<u>19.063.421</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframinnheimtar tekjur	13.000.000	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	16.247.336	12.282.596
	<u>29.247.336</u>	<u>12.282.596</u>